

Ávarp utanríkisráðherra

Ég vil byrja á að þakka fyrri ræðumönnum, ungverska utanríkisráðherranum og framkvæmdastjóra stækkunarmála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, fyrir þeirra inngangsorð.

Í dag eru tímamót í aðildarferli Íslands. Fyrir tveimur árum, nánast upp á dag, afhenti ég Carl Bildt, starfsbróður mínum og utanríkisráðherra Svíþjóðar, umsókn Íslands um aðild að ESB. Ári síðar, á grundvelli jákvæðs álits framkvæmdastjórnarinnar, samþykkti ráðherraráð ESB á ríkjaráðstefnu hér í Brussel að hefja viðræður við Ísland.

Eftir sjö mánaða rýnivinnu, þar sem löggjöf Íslands og ESB hefur verið borin saman, hefjum við viðræður um fyrstu fjóra kafla samninganna og náum að ljúka viðræðum í tveimur þeirra.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka framkvæmdastjórn ESB og öllum aðildarríkjum sambandsins, og þá einkum ungversku og belgísku formennskunni, sem og fyrri formennskuríkjum, fyrir einkar gott samstarf við undirbúning viðræðnanna.

Ég vil einnig færa íslenska samningafólkinu þakkir mínar fyrir alúð og vinnusemi. Það á við sérfræðinga úr stjórnslunni en ekki síður hinn mikla fjölda fulltrúa hagsmunaaðila og félagasamtaka sem eiga skýra hlutdeild í samningaferlinu.

Sá árangur sem við náum í dag er sannarlega afraksturinn af mikilli vinnu, fagmennsku og útsjónarsemi okkar allra.

Á þessu tímamótum er viðeigandi að draga stuttlega fram hvar við erum stödd í ferlinu og hvernig við komumst þangað.

Í fyrsta lagi hefur Ísland á þessum tveimur árum undirgengist sömu ströngu kröfur og önnur umsóknarríki, eins og vera ber. Öllum steinum hefur verið velt við og okkar góði árangur byggir á eigin verðleikum. Ég vil einnig nefna að náið samráð hefur verið haft við Alþingi um undirbúning í öllum köflum viðræðnanna og hagsmunaaðilar hafa tekið virkan þátt í ferlinu.

Í öðru lagi endurspeglaði rýnivinnan sem lauk á mánudaginn var að Ísland kemur vel undirbúið til viðræðnanna. Með þátttöku okkar í EES- og Schengen-samstarfinu hefur Ísland nú þegar tekið upp meirihluta þeirra kafla sem viðræðurnar snúast um. Nákvæm skoðun Evrópusambandsins á löggjöf og stjórnsýslu á Íslandi leiddi þetta glögglega í ljós.

Í þriðja lagi tel ég að Evrópusambandið hafi í gegnum rýnivinnunna öðlast dýpri skilning á Íslandi sem umsóknarríki, bæði á lagaumhverfi og stjórnsýslulegri getu, en ekki síður á þeim kringumstæðum sem móta Íslendinga sem ríki og samfélag. Rýnivinnan hefur leitt í ljós þau djúpstæðu lýðræðislegu gildi sem eru í heiðri höfð á Íslandi, sem og virðingu fyrir mannréttindum og umhverfinu, en einnig þær áskoranir og þau tækifæri sem felast í því að vera lítil þjóð á strjálbýlli eyju á norðurslóðum.

Ísland hefur einnig öðlast aukinn skilning á Evrópusambandinu, hefðum þess og vinnuaðferðum. Evrópa er sannarlega eins og mósaíkmynd þar sem aðildarríkin eru ólík en mynda þó eina heild, og hafa sömu hagsmuni og hugsjónir. Styrkur Evrópusambandsins er að hafa getað tekið tillit til ólíkra aðstæðna í aðildarríkjunum um leið og grunnildi samvinnunnar hafa verið virt.

Formaður, ágætu samstarfsmenn,

Þó svo búast megi við að mikill meirihluti samningskaflanna í viðræðunum verði án vandkvæða, bíða okkar erfiðar samningaviðræður í öðrum. Málaflokkar á borð við sjávarútveg og landbúnað munu þurfa nákvæma yfirlegu því aðstæður á Íslandi eru frábrugðnar því sem er í Evrópu. Í þessum tveimur köflum getur því ekki verið um það að ræða að Ísland taki upp löggjöf ESB óbreytta eins og ég rakti í ávarpi mínu og útskýrt er í hinni almennu yfirlýsingu Íslands fyrir ári síðan. Viðræður um aðra málaflokka eins og umhverfismál, byggða- og atvinnumál og um myntsamstarf munu einnig skipta miklu máli um heildarniðurstöðuna.

Af þessum sökum myndum við vilja hefja viðræður í þessum köflum snemma í ferlinu til þess að hafa nægjanlegan tíma til að finna lausnir sem báðir aðilar eru sáttir við.

Formaður,

Íslandi er ljóst að umsóknarríki verða að hafa getu til þess að uppfylla þær skuldbindingar sem leiða af aðild, frá fyrsta degi. Gangið ekki að því gruflandi - Ísland mun verða tilbúið. Við höfum náð umtalsverðum árangri í fjölmörgum málaflokkum eins og fram kemur í framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB.

Á öðrum sviðum munu lagabreytingar og breytingar á stofnunum og stjórnsýslu eiga sér stað á grunni samþykkrá áætlana að fenginni jákvæðri niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta tryggir að Ísland verður reiðubúið fyrir aðild á aðildardegi, þetta er í samræmi við lýðræðishefð okkar Íslendinga og virðir að fullu aðferðafræði Evrópusambandsins.

Reynist það niðurstaðan að ákveðnar breytingar séu nauðsynlegar eða eftirsóknarverðar á fyrri stigum mun verða leitað eftir stuðningi Alþingis svo af þeim geti orðið.

Að lokum, tvennt að því er varðar almenningsálitið. Það dylst engum að almenningsálitið varðandi aðild að ESB hefur farið upp og niður. Hér er hins vegar til fleiri þátta að líta. Hafa ber í huga að álit almennings á aðild að ESB er mjög sveiflukennt í öllum ríkjum og á síðustu tveimur árum hafa kannanir bæði í umsóknarríkjum og aðildarríkjum sýnt lægri stuðning við aðild heldur en hann hefur verið lægstur á Íslandi. Í annan stað gefa nýleg könnun sem gerð af ESB sjálfu, auk könnunar sem gerð var af andstæðingum ESB-aðildar á Íslandi, til kynna vaxandi stuðning við aðild sem er í takt við sögulega þróun - fyrir Icesavemálið. Gleymum því heldur ekki að samkvæmt nýlegri könnun þá er skýr meirihluti eða ríflega 2/3 Íslendinga hlynntur aðildarferlinu og vill eiga þess kost að nýta lýðræðislegan rétt sinn til að greiða atkvæði um lokaniðurstöðuna.

Ríkisstjórnin er áfram staðráðin í að ljúka aðildarviðræðum og í því ljósi fagna ég því að við opnum nú fjóra fyrstu kaflana.

Dagskrárliður 5: Samningaviðræður um eftirfarandi kafla

Herra formaður,

Nú þegar við opnum fyrstu fjóra kaflana þá erum við einnig í þeirri stöðu að geta lokið viðræðum um tvo þeirra. Þið hafið fengið samningsafstöðu okkar fyrir alla þessa kafla. Ísland á þegar í nánú samstarfi á þessum sviðum og hefur innleitt viðkomandi regluverk ESB um 17 ára skeið. Ísland samþykkir löggjöfina í þessum köflum og mun halda áfram að innleiða hana.

Nokkur orð um einstaka kafla.

Við fögnum því að opna kafla 5 um opinber innkaup og kafla 10 um upplýsingasamfélagið og fjölmiðlun. Báðir þessir kaflar falla að fullu undir EES-samninginn og á grunni þess hefur íslensk löggjöf verið styrkt. Á gildistíma EES höfum við byggt upp nauðsynlega stofnanalega innviði til að innleiða regluverkið.

Þau fáu útistandandi atriði sem þið hafið tilgreint, eins og að innleiða tilskipun um úrræði og tilskipun um innkaup í tengslum við varnarmál í íslensk lög, er þegar í undirbúningi innan stjórnkerfisins og mun verða innleidd á næstu mánuðum. Að því er varðar innleiðingu reglna um sjálfstæði innlendra stjórnvalda, og um innleiðingu tilskipunar um hljóð- og myndmiðlaþjónustu í kafla 10 þá erum við þessa stundina að skoða málið og höfum þegar hafið undirbúning þess og gerum ráð fyrir að ljúka þessu máli í tæka tíð. Varðandi öll þessi atriði munum við leita eftir nánú samstarfi og viðræðum í því skyni að geta lokað þessum köflum innan tíðar.

Þar sem ekki er frekari viðræðna þörf að því er varðar kafla 25 um vísindi og rannsóknir og 26 um menntun og menningu samþykki ég með ánægju að þeim

verði til bráðabirgða lokað. Ísland hefur lagt sitt að mörkum í samstarfi við ESB á þessum sviðum en að sama skapi notið mikils ávinnings.

Áætlanir ESB og aðgerðir á þessum sviðum hafa varðað veginn fyrir okkar vísindamenn, þá sem stunda rannsóknir, kennara og ungt fólk til að vinna hönd í hönd með samstarfsmönnum frá gjörvallri Evrópu og með því styrkt menntun, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Þetta samstarf hefur verið gæfuríkt og í raun ómetanlegt. Ljóst má vera að Ísland mun halda áfram að taka ríkan þátt í áætlunum og verkefnum ESB og horfir til þess að styrkja þetta samband enn frekar til hagsbóta fyrir alla.

Lokaorð

Formaður,

Dagurinn í dag er góður dagur fyrir Ísland og ESB en á sama tíma þá er þetta óvissutími fyrir okkur öll. Stormurinn sem einstök aðildarríki ESB og ESB sjálf hefur upplifað síðustu daga og mánuði og ár hefur sannarlega reynt á.

Ríkisstjórnin hefur fengið sinn skerf af erfiðleikum en okkur hefur tekist í ákveðnum skrefum að ná vopnum okkar og haldið stjórn á okkar efnahagslífínu. Það er mín sannfæring að fram til þessa hafi Íslandi gengið afar vel, um það bera AGS, ESB og nú síðast OECD vitni. Það er á slíkum stundum sem getan að halda sig á föstum brautum er hvað mikilvægust. Um þetta snýst pólitísk forysta og ég er sannfærður um að við munum áfram sýna þessa forystu og einurð í aðildarferlinu.

Að lokum vil ég ítreka þakkir mínar til ungversku formennskunar fyrir sitt framlag. Ég horfi til þess með tilhlökkun að vinna með formennsku Póllands í ESB og leyfi mér fyrirfram að óska þeim til hamingju með það að taka nú yfir það mikilvæga verkefni sem það er að stýra ráðherraráðinu.

Ég hlakka einnig til áframhaldandi náins samstarfs við framkvæmdastjórnina og einstök aðildarríki varðandi þau atriði sem kalla á sérstaka athygli okkar. Þetta ár og það næsta munu skipta miklu og við vonum að við munum stíga stór skref í átt til lokasamkomulags sem mun mæta gagnkvæmum hagsmunum Íslands og ESB.